

7. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 27. maí 2020 kl. 20:00.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir, Hjalti Þorvarðarson og Sverrir Einarsson ásamt Aðalbjörgu Skúladóttur bókara og Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

Forföll boðaði: Sigrún Hreiðarsdóttir.



1. Samtal við Sveitarfélagið Árborg

Viktor fór yfir umræðu fundar með Braga Bjarnasyni, deildarstjóri frístunda- og menningardeildar Árborgar, Guðbjörgu Jónsdóttir, formanni íþrótt- og menningarnefndar, og Tómasi Ellert Tómassyni, bæjarfulltrúa, sem fram fór í Ráðhúsi Árborgar í morgun.

2. Útdeila fé frá ríkinu

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá tillögu til aðalstjórnar í samræmi við umræður á fundi.

3. Erindi frá Sveitarfélaginu Árborg varðandi íþrótt og frístundastarf í Árborg árið 2020 og aðgerðir vegna COVID-19

Erindi barst 3. apríl 2020. Kynnt í framkvæmdastjórn og vísað til kynningar í aðalstjórnar.

4. Aðgerðir í kjölfar heimsfaraldurs af völdum Covid-19

Framkvæmdastjórn telur mikilvægt að fylgjast vel með fjöldi iðkenda með tilliti til þess hvort brottfall verði meira en venjulegt getur talist.

Framkvæmdastjóra falið að kanna úrræði sem gætu nýst iðkendum og/eða sem mætir til baka, samningur við sálfræðing

Setja í gang.

á fundi.

5. Samningur við GLM

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við GLM.

6. Aðalfundur 2020

Ákvarðanatöku vísað til aðalstjórnar.

7. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi 2020

Gissur kynnti stöðuna á framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ. Stefnt er að því að mótið fari fram í samræmi við tilmæli almannavarna.

8. Lyftingadeild

Gissur fór yfir samtal við ÍSÍ en í framhaldi af fundi formanns Umf. Selfoss og formanns lyftingadeildar 25. febrúar 2020 var framkvæmdastjóra falið að kanna með keppnisrétt iðkenda í lyftingum á mótum á vegum sérsambanda.

9. Önnur mál

Borðtennis innan Umf. Selfoss. Óskað hefur verið eftir að borðtennis verði undir hatti Umf. Selfoss en helst vantar húsnæði til að stunda íþróttina. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið í samræmi við umræðu á fundi. Mótokrossbraut í Hrísmýri. Kynnt staða hjá mótokrossdeild gagnvart nýjum vegi yfir Ölfusá.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:18.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**